

Um FORSENDUR LÆSIS

Læsi verður til á löngum tíma. Lagður er grunnur að því á fyrstu árum ævinnar eða strax við máltöku. Í umfjölluninni hér er tekið sérstaklega mið af þeim forsendum læsis sem birtast í áherslum matstækja Lesferils á fyrstu stigum lestrarnáms. Þessir þættir eru málþroski, hljóðkerfisvitund og hljóðaaðferðin. Hljóðaaðferðin gerir þá kröfu til nemandans að við upphaf lestrarnáms sé hann kominn með góða og öflugan hljóðkerfisvitund en málþroski leggur grunninn að öllum skilningi, hvort heldur sem um ræðir skilning á töluðu máli (hlustunarskilningur) eða skilning á ritmálinu (lesskilningur). Krafan um slíka færni, þ.e.a.s. krafan um góða hljóðkerfisvitund og góðan málþroska, beinir athyglinni óhjákvæmilega að þætti foreldra og leikskóla. Hlutverk foreldra er að tryggja börnum sínum gott mála-tlæti frá fæðingu þar sem lögð er áhersla á umræður, fjölbreytilega reynslu og með lestri fyrir börnin. Kostir þess að lesa fyrir börn eru ótvíræðir og margrannsakaðir en börn sem mikið er lesið fyrir hafa betri orðaforða og skilning á eðli ritmálsins. Hvort tveggja er mikilvæg forsenda fyrir velgengni í lestrarnámi.

Þekking á forsendum læsis innan leikskólastigsins er stöðugt að eflast en leikskólinn, ásamt foreldrum, á ríkan þátt í að efla þessar forsendur. Þáttur leikskólans er sérstaklega mikilvægur þegar kemur að því að veita þeim börnum, sem á þurfa að halda, greiningu og íhlutun en slík aðstoð getur skipt sköpum fyrir námsárangur seinna meir. Leikskólar ættu einnig að huga að því að gott og mikið foreldrasamstarf, þar sem leikskóli og foreldrar vinna saman að því að efla forsendur læsis, er mjög vænlegt til árangurs.

Ef hljóðkerfisvitund og orðaforði barna er góður er líklegt að þeim sækist námið vel að því gefnu að lestrarkennslan sé góð. Það er ekki ofsögum sagt að góð lestrarkennsla sé meginforsenda þess að börn verði vel læs og er það ákaflega mikilvægt að vel takist til þar sem mikið er í húfi. Við upphaf formlegrar lestrarkennslu í grunnskóla er líklegt að forsendur barna til að takast á við lestrarnám séu nokkuð ólíkar og þá reynir á færni kennara, kennslufyrirkomulag og skipulag stoðþjónustu í skóla. Skólar þurfa einnig að huga sérstaklega að aðkomu foreldra varðandi þátt þeirra í lestrarnámi barna sinna en hlutverk þeirra, ábyrgð og væntingar skóla til samstarfsins þurfa að vera skýrar. Hlutverk skólanna er að leiðbeina og kenna foreldrum það sem er nauðsynlegt að vita svo þeir geti bæði axlað þá ábyrgð og mætt þeim kröfum sem skólinn gerir. Það er samstarfsverkefni skóla og heimilis að gera barn læst og ef báðir aðilar sinna hlutverki sínu af kostgæfni verður útkoman alltaf góð.